

MINNISBLAÐ REIKNINGSSKILARÁÐS NR. 1/2020

TIL ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIS UM FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Á LÖGUM UM ÁRSREIKNINGA

Reikningsskilaráð hefur skilað inn umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga sem kynnt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. 47/2020).

Til viðbótar við þau lagaákvæði sem til stendur að breyta vill reikningsskilaráð með þessu bréfi vekja athygli ráðuneytisins á eftirfarandi atriðum sem varða lög um ársreikninga.

1. Ósamræmi í ársreikningalögum.

Í bréfi endurskoðendaráðs til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 8. maí 2019, er fjallað um ósamræmi í núgildandi ársreikningalögum um það hvort að skýrsla stjórnar sé hluti ársreiknings eða ekki. Fjallað er um að þetta skapi réttaróvissu varðandi skyldu endurskoðenda til að endurskoða þær upplýsingar sem þar komi fram.

Í framhaldi af fundi með reikningsskilanefnd FLE, sem haldinn var 7. febrúar sl., þar sem m.a. þetta bréf var rætt, hefur reikningsskilaráð skoðað málið og leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á lögum um ársreikninga:

- Lagt er til að hugtakinu „*árleg reikningsskil*“ verði bætt við skilgreiningarhluta laganna (sem 2. gr. a.). Ákvæðið myndi vera svohjóðandi:

Árleg reikningsskil: Árleg reikningsskil félags samanstanda af ársreikningi sem gefa skal glöggja mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé sbr. ákvæði 5. gr. og skýrslu stjórnar sem sett er fram í samræmi við ákvæði 65. og 66. gr.

Markmið með þessari breytingu er að í lögnum sé að finna hugtak sem jafngildi enska hugtakinu „*financial reporting*“ sem á dönsku/norsku er vísað til sem „*årsberetning*“. Þetta hugtak yrði þá samheiti yfir „*ársreikning*“ og „*skýrslu stjórnar*“. Mikilvægt er að þetta samheiti sé til staðar í lögum hér á landi enda er í endurskoðunarstöðlum er vísað til „*annual financial statements*“ sem þess „*ársreiknings*“ sem álit endurskoðanda skal beinast að og skýrsla stjórnar flokkast þá undir það sem kallast „*Supplementary Information Presented with the Financial Statements.*“

- Í stað orðsins „*ársreiknings*“ í 2. mgr. 3. gr. komi hugtakið „*árleg reikningsskil*“. Markmiðið með þessari breytingu er að skýrt komi fram að framkvæmdastjóri félags beri ásamt stjórn ábyrgð á skýrslu stjórnar með ársreikningi. Mikilvægt er að taka allan vafa af um þetta enda eru um þetta að finna skýr ákvæði í ársreikningatilskipun ESB. Ákvæðið 3. gr. yrði eftir breytingu svo hljóðandi (breyting feitletruð).

Félög skv. 1. gr. skulu semja og setja fram skýrslu stjórnar í samræmi við lög þessi, reglugerðir og settar reikningsskilareglur eftir því sem við á. Sé ekki mælt fyrir um tiltekið atriði í lögum þessum eða reglugerðum skal fara eftir viðeigandi ákvæðum í settum reikningsskilareglum.

*Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á gerð, skilum og birtingu **árlegra reikningsskila** fyrir hvert reikningssár.*

- Bætt verði við ákvæðum í 2. mgr. 104 gr. til að tryggja að lagaákvæðið endurspeglir betur ákvæði 34. gr. ársreikningatilskipunar ESB. Mikilvægt er að í lögum sé að finna skýr ákvæði um afmarkað hlutverk ytri endurskoðanda varðandi innihald skýrslu stjórnar og að ákvæði hér á landi séu í samræmi við ákvæði tilskipana ESB á þessu sviði.
- Samhliða þessum breytingum mætti huga að því að setja einnig inn skilgreiningu á hugtakinu „ársreikningur“. Orðið ársreikningur myndi þá í lögum vera afmarkað við það sem á ensku er vísað til sem *financial statement*, eða þann hluta árlegra reikningsskila sem álit endurskoðenda um að ársreikningurinn gefi glögga mynd beinist að, þ.e. rekstrar- og efnahagsreikningi, sjóðsstreymi og skýringum. Það að setja nú inn í lög slíka afmörkun á orðinu ársreikningur myndi hins vegar kalla á það að með kerfisbundnum hætti sé farið yfir ólík ákvæði laganna til að tryggja samræmda hugtakanotkun í lögum.
- Þess ber einnig að geta að í tilskipunum ESB er orðið „*management report*“ (skýrsla stjórnenda) notað yfir það sem í lögum hér á landi er vísað til sem skýrsla stjórnar. Til framtíðar litið mætti hugleiða hvort breyta ætti hugtakanotkun í lögum hér á landi.

Sem fyrsta skref í einfaldri aðgerð væri því að setja inn samheitið „árleg reikningsskil“ í skilgreiningarkafila laganna, gera breytingu 2. mgr. 3. gr. ásamt því að uppfæra ákvæði 2. mgr. 104 gr. Slíkar breytingar væru að mati reikningsskilaráðs til þess fallnar að auka skýrleika um hlutverk endurskoðenda gagnvart upplýsingum sem vera skulu hluti af skýrslu stjórnar í árlegum reikningsskilum en sem liggja utan áhlits þeirra á því hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd. Afar mikilvægt er að skýrt sé í lögum hvaða hlutverk endurskoðendur hafa gagnvart upplýsingum sem liggja utan þess sem álit þeirra á ársreikningi nær til, skv. ákvæðum alþjóðlegra endurskoðunarstaðla sem lög hér á landi vísa til.

2. Reikningsskil stórra félaga.

Á áðurnefndum fundi reikningsskilaráðs með fulltrúum reikningsskilanefndar FLE var fjallað um mikilvægi þess að til staðar séu greinargóðar reikningsskilareglur fyrir stór félög. Mikil vinna myndi hins vegar felast í því að setja saman slíkar reikningsskilareglur hér á landi (e. local GAAP).

Í því sambandi telur reikningsskilaráð eðlilegt að tekið verði til skoðunar hvort að samræma ætti reikningsskil stærri fyrirtækja með þeim hætti að félög sem falla undir skilgreininguna á stórum félögum (að undanskildum lífeyrissjóðum) í skilningi ársreikningalaga sé skylt að fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) óháð því hvort að viðkomandi fyrirtæki sé með skráð verðbréf eða ekki.

Þetta myndi að mati reikningsskilaráðs auka samanburðarhæfni stórra félaga og að öllum líkindum auka við skýringakröfur þeirra stóru félaga sem semja reikningsskil sín samkvæmt lögum um ársreikninga í dag. Auk þess myndi þetta valda því að aukið samræmi væri í arðgreiðslustofni þessara félaga en í dag er frávik milli IFRS og laga um ársreikninga sem getur m.a. valdið því að arðgreiðslustofninn væri ekki sá sami. Þess má einnig geta að félög sem gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS ber skylda til að skila ársreikningi til opinberrar birtingar ekki síðar en í lok apríl hvert ár.

3. Skilafrestir ársreikninga og skattframtala

Reikningsskilaráði hafa borist óformlegar ábendingar um að það sé óheppilegt að skilafrestur á ársreikningum, annarra en IFRS félaga, til ársreikningaskrár sé 31. ágúst meðan heimilt er að skila skattframtölum minni lögaðila fram til 2. október. Reikningsskilaráð telur að Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ætti að skoða hvort ekki sé að skaðlausu hægt að lengja skilafrest á ársreikningum þannig að frestur til að skila ársreikningi sé sá sami og gildir um skattframtöl. Til þess að svo mætti verða þyrfti að gera viðeigandi breytingar á ákvæðum 109. gr laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Bakgrunnur þessarar ábendingar er að þann 3. mars síðastliðinn sendi ríkisskattstjóri bréf á Félag löggiltra endurskoðenda með yfirskriftinni „*Skil atvinnumanna á skattframtölum viðskiptamanna 2020.*“

Í flestum tilvikum þegar félög leita aðstoðar hjá endurskoðendum eða öðrum fagaðilum vegna skattframtalsgerðar aðstoðar viðkomandi fagaðili félagið einnig við gerð ársreiknings og eftir atvikum bókhald. Við gerð ársreiknings þarf að reikna út skattstofna og gera viðeigandi færslur í bókhald. Því má segja að þegar ársreikningur hefur verið unninn sé vinnunni að mestu lokið og í flestum tilvikum hægur vandi að klára skattframtalið.

Mikið álag er á starfsmönnum endurskoðunarstofa og öðrum fagaðilum þegar kemur fram á haust og uppgjörsvinna, gerð ársreikninga og skattframtala fyrir minni lögaðila er í fullum gangi. Í fyrrnefndum ábendingum sem borist hafa reikningsskilaráði kemur fram að lengdur skilafrestur skattframtala miðað við fyrri ár nýtist fagaðilum ekki sem skildi vegna þess að eftir sem áður þarf að skila ársreikningi til ársreikningaskrár í síðasta lagi 31. ágúst, ella leggist sekt á félagið. Þótt lokaskilafrestur sé til 2. október þarf að skila skattframtölum minni lögaðila jafnt og þétt.

Reikningsskilaráð telur að verði skilafrestur ársreikninga og framtalsfrests ríkisskattstjóra látinn falla saman væri ef til vill æskilegt að tengja skilin þannig að skila skuli ársreikningi skömmu eftir að framtali er skilað, t.d. ekki síðar en hálfum mánuði eftir að framtali var skilað en þó ekki síðar en við lokaskiladagsetningu skattframtals. Þannig mætti tryggja að þrátt fyrir framlengdan skilafrest á ársreikningum myndu ársreikningar berast ársreikningaskrá með jöfnum hætti líkt og gildir um framtalsskilin. Að uppfylltum reglum ríkisskattstjóra ættu því flestir ársreikningar hér eftir sem hingað til berast ársreikningaskrá innan núgildandi skilafrests, þ.e. 31. ágúst.

Reikningsskilaráð

Mars 2020

Aðalsteinn Hákonarson

Elín Hanna Pétursdóttir

Signý Magnúsdóttir

Sigurjón G. Geirsson

Unnar Friðrik Pálsson